



Hvað felst
í stærra og
betra álveri?

Álið kemur
við sögu á
hverjum degi

Stuðningur Alcan
við samfélagsmál

Starfsmenn
hafa orðið

Frábær árangur
í umhverfismálum

ISAL TÍÐINDI

Fréttabréf Alcan á Íslandi – Mars 2007





Straumur

Steinunn Þórarinsdóttir myndhöggvari, hefur um árabil unnið töluvert úr áli. Í tilefni af fjörutíu ára afmæli álversins í Straumsvík var hún beðin um að búa til listaverk sem staðsett yrði við Faðm, höfuðstöðvar Álversins. Hugmynd Steinunnar var að útbúa listaverk sem komið væri fyrir bæði utan og innan dyra en myndaði eina heild. Hún gaf verkinu nafnið Straumur og var það afhjúpað 28. júní í fyrra.



Straumur í nútíð og framtíð

Steinunn er meðal okkar þekktustu myndhöggvara og hefur haldið fjölmargar sýningar á undanförunum árum, bæði hér heima og erlendis. Auk þess hefur hún tekið þátt í mörgum samsýningum og verk hennar hafa hvarvetna hlotið mikið lof og verðskuldaða athygli.

Á vinnustofu Steinunnar í bakhúsi við Sólvallagötuna í Reykjavík standa „mennirnir“ hennar vörð, sumir hlýr og jarðbundnir en aðrir léttir og kaldir, eins og þeir svífi í lausu lofti. Þessir menn eru einkennandi fyrir sköpun Steinunnar, eins og verkið við álver Alcan í Straumsvík, ber glögg vitni um. Hún notar mismunandi efnivið í listsköpun sinni sem ljær verkunum ólíkan svip. Léttleikinn og speglunin í álinu setja nútímalegt og svífandi yfirbragð á verkin, á meðan járnverkin eru þyngri og jarðbundnari.

Að sögn Steinunnar er álið léttara og meðfærilegra en annar efniviður sem hún hefur unnið úr og gefur aðra möguleika til sköpunar. Sem dæmi má nefna að þegar hún notar járn er „maðurinn“ allt að 200 kíló en jafn stór „maður“ úr áli er aðeins 80 kíló. Steinunn hefur unnið mikið úr áli í gegnum árin og oft hafði komið til tals að hún byggji til listaverk fyrir álverið í Straumsvík, án þess að úr því hafi orðið fyrr en í tengslum við afmælið.





Erindið er brýnt

Ágæti Hafnfirðingur

Við sem störfum í álverinu í Straumsvík eigum brýnt erindi við bæjarbúa. Ekki þarf að hafa mörg orð um tilefnið. Þann 31. mars ákveða Hafnfirðingar hvort álverið fær að vaxa og dafna eða ekki. Þetta er stór ákvörðun sem enginn ætti að taka nema að vel athuguðu máli. Því höfum við ákveðið að senda *ISAL tíðindi* til allra heimila í Hafnarfirði.

Í aðdraganda þessarar atkvæðagreiðslu hefur mikið verið rætt um áhrif þess ef Hafnfirðingar ákveða að hafna stækkun álversins. Frá okkar sjónarhóli er svarið skýrt. Við blasir að ef álverið verður ekki stækkað mun það smám saman dragast aftur úr í samkeppninni. Ný, stærri og hagkvæmari álver eru stöðugt að leysa hin eldri af hólmi. Þegar álverið í Straumsvík hættir að standast keppinautum sínum snúning og skila viðunandi arðsemi er sjálfhætt.

Í þessum orðum felst engin hótun, heldur einfaldur sannleikur. Ekkert fyrirtæki getur þrífist til lengdar án þess að fá að þróast, stækka og laga sig að nýrri samkeppni. Þess vegna viljum við stærra og betra álver. Ef ekki kemur til stækkunar mun líftími ISAL stytta um nokkra áratugi.

ISAL hefur verið að skila góðum árangri undanfarin ár. Það er meðal annars vegna þess að með nýrri tækni, aukinni þekkingu og útsjónarsemi starfsmanna hefur framleiðslukostnaður á hvert tonn farið lækkandi. En sterk staða í dag er ekki trygging fyrir neinu á morgun. Keppinautarnir sigla fram úr með nýjum og stærri álverum. Eina trygging ISAL fyrir því að lifa til framtíðar er að fá að stækka og auka hagkvæmni í rekstri enn frekar.

Rannveig Rist
forstjóri Alcan á Íslandi

Efni

- 4 Bakhjarl Íslensku bjartsýnisverðlaunanna
- 5 Gangverkið í Straumsvík
- 6 Frekar álhaus en kálhaus!
Viðtal við Tryggva Skjaldarson
- 10 Hvað felst í stækkun álversins í Straumsvík?

- 12 „Við höfum verið frumkvöðlar á sviði umhverfismála hér á landi“
- 13 Vinna við stækkun álversins mun ekki valda teljandi þenslu í hagkerfinu
- 14 Nytjahlutir og framtíðarhönnun
- 16 Hafnarfjörður í vexti

ISAL tíðindi
Mars 2007
Útgefandi:
Alcan á Íslandi
Ábm.:
Hrannar Pétursson
Prentvinnsla:
Arnarprent

Dreift til allra
heimila í Hafnarfirði

- 18 Kona í kerskála
Viðtal við Önnu Jónu Ármannsdóttur
- 22 Súrefni losað í stað koltvísýrings
- 23 Efnahagsleg áhrif ISAL fyrir Hafnarfjörð
- 24 „Varla lifum við endalaust á yfirdrætti í útlöndum“
- 25 Hversu mikið mun álverið stækka í raun og veru?
- 26 Konum á aldrei að vera sama um misrétti
Viðtal við Margréti Arnardóttur
- 30 Alcan og samfélagið
- 31 Hugarástand
Puríður Sigurðardóttir, myndlistarkona

Frá afhendingu Íslensku bjartsýnisverðlaunanna þegar þau voru afhent í 25. skipti árið 2005. Dómnefnd, verðlaunahafi og fyrrum verðlaunahafar ásamt forseta Íslands sem afhenti verðlaunin.



Bakhjarl Íslensku bjartsýnisverðlaunanna

Markmiðið með bjartsýnisverðlaununum hefur ávallt verið að verðlauna listamenn fyrir góðan árangur og hvetja þá til frekari afreka. Árið 1999 ákvað Brøste að draga sig í hlé og lagði til að Íslendingar tækju að sér að sjá um verðlaunin. Alcan í Straumsvík varð við áskoruninni og hefur verið bakhjarl verðlaunanna síðan, eða frá árinu 2000. Þá var jafnframt ákveðið að breyta nafni þeirra í Íslensku bjartsýnisverðlaunin, með samþykki forseta Íslands sem hefur frá upphafi verið verndari verðlaunanna. Þegar Alcan tók við sem bakhjarl verðlaunanna nam verðlaunaupphæðin um hálfri milljón króna en þegar þau voru afhent í tuttugasta og fimmta skipti var upphæðin hækkuð í eina milljón króna.

Nefndin sem starfaði að útnefningu verðlaunahafa hélt áfram störfum fyrst eftir að Alcan varð bakhjarl þeirra. Í henni voru frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, Gunnar Friðriksson, fyrrverandi forstjóri hjá Frigg sem var formaður dómnefndarinnar, Gylfi Þ. Gíslason, fyrrverandi ráðherra og Árni Kristjánsson, píanóleikari og fyrrverandi tónlistarstjóri Ríkisútvarpsins. Vigdís er sú eina sem enn situr í nefndinni en auk hennar skipa hana Örnólfur Thorsson forsetaritari, Dr. Sveinn Einarsson rithöfundur og fyrrverandi Þjóðleikhússtjóri og Rannveig Rist forstjóri Alcan á Íslandi.

Íslensku bjartsýnisverðlaunin, áður Bjartsýnisverðlaun Brøstes, hafa verið veitt frá árinu 1981. Verðlaunin voru í upphafi kennd við Danann Peter Brøste sem var upphafsmaður verðlaunanna og bakhjarl allt til ársins 1999. Brøste var mikill áhugamaður um norræna samvinnu og vildi að verðlaunin yrðu liður í því að bæta samvinnu Íslands og Danmerkur. Hugmyndin kviknaði þegar frú Vigdís Finnbogadóttir var í opinberri heimsókn í Danmörku snemma á forsetaferli sínum og er bjartsýnisnafnið þannig tilkomið að Brøste þótti frú Vigdís óvenju bjartsýn og vildi að verðlaunin bæru svip af því. Nýjasti verðlaunahafinn í glæsilegum hópi listamanna er Hörður Áskelsson, tónlistarmaður og kórstjórnandi.

Frá því að Alcan á Íslandi tók við sem bakhjarl Íslensku bjartsýnisverðlaunanna hafa eftirtaldir listamenn hlotið þau:

- 2006 Hörður Áskelsson tónlistarmaður
- 2005 Ragnhildur Gísladóttir tónlistarmaður
- 2004 Dagur Kári Pétursson kvikmyndaleikstjóri
- 2003 Hilmar Örn Hilmarsson tónskáld
- 2002 Andri Snær Magnason rithöfundur
- 2001 Björn Steinar Sólbergsson orgelleikari
- 2000 Hilmir Snær Guðnason leikari

Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, og Hörður Áskelsson við afhendingu bjartsýnisverðlaunanna.




Gangverkið í Straumsvík



200 vörutegundir

Margir halda að ál sé bara ál og Alcan framleiðir aðeins eina tegund af því. Fyrirtækið framleiðir hins vegar um 200 mismundandi vörutegundir af áli og því má segja að fyrstu skref úrvinnslu á hrááli fari fram í álverinu. Ástæður þess að þörf er fyrir ólíkar tegundir af áli er sú að ekki er notað samskonar ál í allar vörur. Sérstakt ál er framleitt fyrir geisladiska, önnur gerð er notuð í lyfjaumbúðir og enn önnur í klæðningar á húsum. Notkunarmöguleikar áls eru nær óþrjótandi og nýjar hugmyndir um notkun þess verða að veruleika á hverjum degi.



20% meiri framleiðsla

Álverið í Straumsvík framleiðir árlega 180 þúsund tonn af áli sem er 20% meira en verksmiðjan er hönnuð til að framleiða. Skýringin á þessum frábæra árangri er mikil tækni- og verkþekking sem hefur skapast hjá fyrirtækinu.



150 hafa starfað í 30 ár eða lengur

Um 150 starfsmenn álversins í Straumsvík hafa starfað í 30 ár eða lengur hjá fyrirtækinu. Þessi tala er ótrúlega há og undirstrikar hversu lítill starfsmannaveltan er, ekki síst ef tekið er mið af því að fyrirtækið hefur ekki starfað nema í 40 ár.



Íslensku gæðaverðlaunin

Íslensku gæðaverðlaunin eru ein þeirra fjölmörgu verðlauna sem Alcan á Íslandi hefur unnið til á undanföllum árum. Hjá matsnefnd Íslensku gæðaverðlaunanna kom meðal annars eftirfarandi fram: „Alcan á Íslandi getur státað af því að vera eina fyrirtækið sem er með vottað stjórnkerfi sem uppfyllir gæða-, öryggis- og umhverfisstaðla. Alcan á Íslandi er að ná frábærum árangri bæði hvað varðar framleiðslugetu og almennar rekstrarniðurstöður.“



Frekar álhaus en kálhaus!

Tryggvi Skjaldarson liggur aldrei á skoðunum sínum og drepur niður fæti í pólitík, álverum, knattspyrnu, náttúruvernd og fíkniefnum, svo fátt eitt sé nefnt.

eftir Þorgrím Þráinsson

„Það fer í taugarnar á mér þegar fólk tekur íslenska náttúru í gíslingu. Ég hef labbað til fjalla frá því ég var 16 ára gamall, aðallega í þeim tilgangi að veiða „fjallahænur.“ Blóðbragðið er reyndar að mestu farið úr munnum á mér. Þegar ég var í sveit sem polli norður í landi var toppurinn á tilverunni að fara í útreiðartúra upp á heiðar. Þar sá maður fálkahreiður, smyrilshreiður, rjúpur og fjöldann allan af mófuglum. Og ég hef farið í svo til hvert einasta krummaskuð þar sem bátur kemst að landi. Þegar ég var bóndi í Þykkvabænum og gróf skurði, kom ég niður á öskulag frá árinu 1104, eftir að hafa grafið liðlega 50 sentimetra. Ísland hættir ekki að breytast þótt Björk lofsyngi náttúruna eða SigurRós spili við Kárahnjúka. Lífið heldur áfram með sínum breytingum, hvað sem tautar og raular. Ég held að ég sé alveg liðtækur í umræðu um náttúru og náttúruvernd eins og hver annar.“

Þessar skoðanir leynast í fjörugum bók Tryggva Skjaldarsonar sem hefur starfað í álverinu í Straumsvík í áratug. Hann er sonur Skjaldar Þorgrímssonar frá Húsavík og afi hans var Toggi Mara, einn af Mara-bræðrunum sem voru þekktir trillujaxlar með kokið fullt af salti. Tryggvi er rétt skriðinn yfir fimmtugt en talar eins og táníngur. „Það var gott að vera ungur,“ segir hann fullur af fjöri. „Þá trúu menn að þeir geti allt að því tekið haglaskot í kassann, hóstað þeim upp og skyrpt. Ég hætti aldrei að rífa kjaft og hef yfirleitt rekist illa í hópi af því að það hentar ekki öllum að umgangast fólk með sterkar skoðanir. Annars nenni ég ekki lengur neinu pólitísku brólti.“

Hvað brennur mest á þér?

„Það er svo sem ekkert sérstakt, en ég er ákaflega hlynntur stækkun álversins í Straumsvík, hlynntur álversframkvæmdum fyrir austan og vona að Húsvíkingar fái álverið til að treysta byggðina hjá sér. Ég er að

hugsa um að láta gera fyrir mig boli til stuðnings álverum. Vinstri-grænir gengu í bolum með áletruninni: Álhaus – Kálhaus, þar sem þeir gerðu augljóslega lítið úr þeim sem eru hlyntir álverum. Ég myndi vilja boli með áletruninni: Frekar álhaus en kálhaus.

Annars hef ég engan áhuga á álveri nema að það geri gagn og borgi góð laun. Fólk virðist ekki átta sig á að það er ál út um allt, t.d. í pennum, símum og bílum. Ég bið bara alla að líta í kringum sig. Menn eru ekki að bjarga veröldinni með því að hætta við að framleiða ál á Íslandi. Til að reka alvöru álver þarf fólk með kollinn í lagi. Það er mikill misskilningur að útlendingum á lágum launum verði hrúgað inn í álver hér á landi þar sem þeir standi með skóflu og moka allan daginn. Það finnst varla fullkomnari tölvubúnaður en í álverum og það þarf klárt fólk til að stjórna slíkum búnaði. Í Straumsvík er verið að búa til 200 tegundir af ál.

Menn hengja sig á Kyoto-sáttmálann en það er erfitt að höndla hinn stóra sannleika. Hekla gaus að minnsta kosti fjórum sinum á þeim 18 árum sem ég var kartöflubóndi í Þykkvabænum. Ekki er hún með mengunarvarnarbúnað. Það er mengun af bílum, nagladekkjum, malbiki, plasti og svo mætti lengi telja. Maður getur ekki bara setið úti í móa með hundasúrur og óskað eftir því að lífið haldist óbreytt. Ef þú flýgur til Ameríku, losar sætið sem þú situr í sem nemur einu tonni af koltvísýringi. Ætlar fólk að hætta að fljúga? Menn verða að hafa heilbrigða skynsemi að leiðarljósi þegar þeir taka þátt í þessari umræðu.

Það vita þeir sem vilja vita það, að Austfirðir voru að koðna niður og það er bull að halda því fram að einhverjar sérstakar gáfur eða frumkvöðlastarfsemi bjargi heilum landsfjórðungi. Það eru frumkvöðlar út um allt land en þeir eru yfirleitt bara í fimmauraharki. Menn verða alltaf að

fá eitthvert kapítal. Á að dansa fyrir ferðamenn? Það geta ekki allir verið með heimabruggað hvannarótarbrennivín og selt með lopapeysum. Þótt ullin hafi haldið lífi í fólki þegar það var að drepast úr kulda fyrr á öldum, hafa orðið miklar framfarir. Ég vil ekki tala illa um ullina en ég kys flíspeysu frekar núorðið.

Fyrir austan er verið að setja niður stórt batterí sem skaffar um 500 manns vinnu, á hærri launum en þar hafa tíðkast og það er hreinlega frábært. Margfeldisáhrifin verða mikil og allir munu njóta góðs af. Annar Bakkavararbræðra gaf í skyn í erindi sem hann flutti, að illa væri farið með fjármuni með því að verja þeim í álver á Reyðarfirði. Ég veit ekki til þess að hann hafi fjárfest fyrir krónu fyrir austan.

Ég hef aldrei haft vetursetu í útlöndum en þó farið til nokkurra landa og ég verð að segja eins og er, að þótt Ísland sé fallett, mega menn ekki alveg missa sig. Það er víða ágætlega laglegt annars staðar.“

Má bjarga landsbyggðinni með öðrum sambærilegum aðgerðum?

„Menn eru enn að reyna að halda í gamla landbúnaðinn eins og hann var, sem er vita vonlaust. Honum þarf að breyta í alvöru viðskipti. Sjávarútvegurinn var græjaður þannig að nokkrir einstaklingar fengu verðmætin á silfurfati. Fólk sem vann í landi, eða byggðarlögin, virtust ekki skipta neinu máli. Ég hef aldrei skilið af hverju menn stigu ekki skrefið til fulls. Hvers vegna voru fiskveiðar ekki boðnar út? Hvað hefðu Portúgalar og Spánverjar verið tilbúnir að borga fyrir tonn af þorski sem þeir hefðu skilað á markað hér á landi?

Ég tek ekki mikið mark á fólkinu sem situr á krám í 101 Reykjavík og horfir á lífið út um gluggann og útskýrir hvernig hlutirnir eiga að vera fyrir norðan og austan, allt næs og fallett. Þetta ágæta fólk virðist ekki hafa hugmynd um hvernig er að eiga stórt,

„Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að Hafnfirðingar vilji koma í veg fyrir stækkun í Straumsvík. Það yrðu sorgleg mistök.“

verðlaust hús á landsbyggðinni eða að vera atvinnulaus og búa þar sem allt hefur koðnað niður. Kvóti kemur og fer og margir eru nánast örvilnaðir.“

Þú varst í 3. sæti á lista Alþýðuflokksins á Suðurlandi fyrir einhverjum árum og áttir þátt í því að koma Lúdvík Bergvinsyni á þing. Hversu pólitískur ertu?

„Ég hef fylgst með pólitík alla tíð, reyndar yfirleitt verið í vitlausum flokki, að margra mati. Ég hef sagt að það að vera krati í dreifbýli á Suðurlandi sé eins og að vera svertingi á fundi hjá Ku Kux Klan. Ég var stuðningsmaður Jóns Baldvins, enda hefur mér alltaf þótt hann mjög málefnalegur. Það hefur stundum hvarflað að mér að skella mér af alvöru í pólitíkina en mér finnst almennt ekki nógu mikil hugsjón í pólitíkinni. Ég vil sanngirni handa öllum en ekki það hagsmunapot sem tíðkast víða.“

Hvað muntu kjósa?

„Ætli ég kjósi ekki Samfylkinguna. Ég er hrifinn af Ingibjörgu Sólrúnu, enda vil ég meina að hún sé afburða klár. Ef pólitík væri knattspyrna væri Sjálfstæðisflokkurinn fyrir löngu búinn að kaupa hana. Og láta a.m.k. fjóra upp í kaupverðið. Stjórnmal verða því miður eins og eitthvert afl sem menn festast í og allir hinir eru einhverjir asnar og bjánar. Ingibjörg hefur fengið mörg þung högg af því að menn eru hræddir við hana. Einn góðan veðurdag birtist þessi sterka kona sem gat sett ofan í við Davíð Oddsson. Davíð hætti að taka þátt í opinberri umræðu með henni, ótilneyddur. Hún var eins og sterk kanóna og gat skotið. Og mörgum, sem á horfðu, þótti Dabbi bara ekki bestur lengur. Auðvitað fann öll sjálfstæðismaskínan fyrir þessu. Hvað gerirðu við fólk sem ógnar? Reynir að gera sem minnst úr því. Og því miður hefur það komið líka úr Samfylkingunni, en það er önnur saga. Og svo verður til flokkur eins og Vinstri-grænir sem ég hef enn ekki

grænan grun um fyrir hvað stendur. En flokkurinn var þó klókur að eigna sér náttúruna og umhverfismál og láta eins og hann eigi þetta skuldlaust.

Pólitík er ekkert annað en samfélagsmál og ég hef brennandi áhuga á þeim. Mér þykir gaman að hafa skoðanir og þess vegna hef ég líka skoðanir á álverum. Álverið á Reyðarfirði er sennilega fullkomnasta álver í heimi og kemur til með að menga minnst allra álvera, miðað við stærð. Erum við að gera heiminum greiða með því að láta byggja álver í öðrum löndum frekar en hér? Álver sem menga mun meira. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að Hafnfirðingar vilji koma í veg fyrir stækkun í Straumsvík. Það yrðu sorgleg mistök.“

Gafstu upp fyrir kerfinu sem kartöflubóndi í Pykkvabænum eftir 18 ár?

„Ég ákvað að fara á hausinn, það var ósköp einfalt. Ég ákvað að hætta áður en ég þyrfti að fara að veðsetja fólk í kringum mig. Það voru mikil átök á þessum markaði, verðið hrundi og við sem vorum ekki með beljur, engan mjólkurkvóta, fengum litla fyrirgreiðslu. En þeir sem áttu mjólkurkvóta og ákváðu að fara út í kartöflurækt sem hliðarbúgrein voru með ríkisstyrki og betri fyrirgreiðslu. Maður hefði þurft að sanka að sér beljum til að fá fyrirgreiðslu frá hinu opinbera. Samkeppnin var áþekkt því að láta okkur keppa í spretthlaupi þar sem við sem einbeittum okkur að kartöflurækt, urðum að hlaupa í skíðaskóm. Og fyrir utan allt þetta var ekki gott að vera vitlaust tengdur í pólitík. Á ákveðnum tímavörðum komumst við hjónin að þeirri niðurstöðu að okkur langaði að verja lífi okkar í allt annað. Ég gerði því það sama og Magnús á Heimsenda, hætti að borga bankanum reikningana og henti þeim í ruslið.“

Ég frétti að þú værir gamall refur í boltanum?

„Já, ég er gallharður Valsari, enda linn upp í Hlíðunum, og ég held líka tryggð við Manchester United. Ég lék með Val í yngri flokkunum og náði meira að segja að leika undir stjórn Rússans Youri Illitchev, sem skapaði líklega besta Valslið frá upphafi, liðið sem varð Íslands- og bikarmeistari 1976. Í yngri flokkunum spilaði ég með köppum eins og Grími Sæmundsen, Gauja Harðar, Helga Ben, Jóni Gísla, Sigga Haralds og fleirum. Svo þegar ég gekk upp í meistaraflokk kynntist ég Hemma Gunn, Sigga Dags og Henson, svo einhverjir séu nefndir. Ég var bara stráklungur innan um þessar goðsagnir.

Ég held að menn geri sér enga grein fyrir því hvers konar talent Hemmi Gunn var. Hann var snillingur í fótbolta, handbolta og körfubolta, þar sem hann var með ótrúlega Harlem Globetrotters-takta. Hann var ekki svona góður af því hann æfði svo mikið. Hæfileikarnir voru algjörlega frá náttúrunnar hendi. Ef Hemmi væri 16 ára í dag og ruglpakinn væri tekinn frá honum, væri hann í fremstu röð í heiminum. Búbbi, Jóhannes Eðvaldsson, var líka skemmtilegur karakter og reyndar margir fleiri. Ég hef alltaf fylgst vel með drengjunum hans séra Friðriks.

Einhverju sinni hitti ég Hemma Gunn þegar ég var með tveimur yngri dætrum mínum. Við spjölluðum daggóða stund en þótt Hemmi reyndi að ná sambandi við yngstu dóttur mína, sem þá var 6-7 ára, starði hún bara á hann furðu lostin. Svo þegar Hemmi var farinn, leit hún á mig og sagði: „Hann er til í alvörunni.“ Hún hafði þá bara séð hann flottan og skemmtilegan í sjónvarpinu.“

Ertu kominn á endapunkt í lífinu í atvinnumálum?

„Ég hef ekki grænan grun um það. Þótt ég sé keppnismaður er ég skelfilega metnaðarlaus. En ef ég er lagður af stað í eitthvað, þá gef ég mig allan

„Þetta ágæta fólk virðist ekki hafa hugmynd um hvernig er að eiga stórt, verðlaust hús á landsbyggðinni eða vera atvinnulaus, að búa þar sem allt hefur koðnað niður.“

í það og reyni að klára. Skrifstofustörf heilla mig ekki og mér leiðast oft fundir. Líklega hef ég hætt þessu pólitíska brótti af því ég nennti ekki að haga mér einhvern veginn öðruvísi en ég vildi sjálfur.

Sjáðu Steingrím J. Sigfússon. Hann var mættur á einhverri sjónvarpsstöð þegar verið er að telja atkvæði í Rock Star-keppni úti í heimi, bara af því að hann og Magni eru báðir að norðan. Ég er viss um að þetta var Steingrími mikil kvöl. En hann er skynsamur, því menn verða alltaf að vera að dorga í pólitíkinni. Ég hef ekki áhuga á svona vændi. Ég er til í að rífa kjaft og hjálpa ef ég get, en tek helst ekki þátt í svona uppistandi.“

Það vantar ekki kjaftinn á þig?

„Þótt ég geti verið strigakjafur sjálfur, er ég fyrst og fremst hrifinn af málefnalegum stjórnmalamönnum, mönnum sem tala ekki niður til annarra. Ég virði menn eins og Geir Haarde sem gerir það ekki. Davíð Oddsson talaði hins vegar yfirleitt niður til fólks, sem var orðið lenska hjá honum. Ég veiti því alltaf athygli með hvaða hætti stjórnmalamenn tala. Það lýsir þeim best. Sumir setja upp flugeldasýningar til að draga að sér athygli. Stjórnmal eru show-biz og þannig verða þau væntanlega alltaf.“

Ég vil ekki að stjórnmal séu eins og trúarbrögð, eins og þau virðast vera á stundum. Heill Framsóknarflokkur missir sig af hrifningu þegar nýr formaður segir að innrásin í Írak hafi verið mistök. Hvers vegna grjóthélt þetta sama fólk kjafti þegar fyrrum formaður tók einhliða ákvörðun um stuðning á sínum tíma? Þetta er vitanlega ekki í lagi.“

Mér skilst að þú hafir líka sterkar skoðanir á fíkniefnamálum og öllu sem lýtur að þeim?

„Ég er óhress með þróun mála hjá yfirvöldum á þeim vettvangi. Ég hef aldrei þekkt ungan mann með ójafnt hormónaflæði, sem hættir dópneyslu vegna aðgerða lögreglu. Það er svo mikil sýndarmennska í kringum þetta að það nær ekki nokkru tali. Það skiptir öllu máli að vera með fyrirbyggjandi aðgerðir. Af hverju var t.d. verið að setja hundruð milljóna í sendiráðsbyggingu í Japan, þegar fólk hefur ekki efni á að kosta íþrótta- og tólmundastarf barna sinna? Hvers vegna eru yfirvöld ekki að gera allt sem í þeirra valdi stendur, til að stuðla að því að börn og ungmennti eigi kost á því að vera í heilbrigðu umhverfi? Börn þurfa að vera komin af efnafólki til að hafa efni á íþróttaiðkun. Það er auðvelt að sjá fyrisagnir fyrir sér: „Við réðum fjóra lögreglumenn í viðbót, lengdum kylfurnar, settum þyngingu framan á þær og nú skulu þessir vondu menn sko fá að kenna á því.“

Í Bandaríkjunum eru fangelsin full af fólki úr óláns hverfum, sem á efnalita foreldra. Eru yfirvöld á Íslandi blind gagnvart þessum lögmálum? Hvenær ætla stjórn-



malamenn að forgangsraða rétt og hætta þessari sýndarmennsku?

Svo verða yfirvöld að átta sig á því að fíkniefni eru ekki bara fíkniefni, heldur líka misskaðleg. Þótt flestir rústi sér á brennivíni þá gerir hassið fólk að kálhausum.

Þrátt fyrir stöðug ofbeldisverk, sem flest má rekja til harðari efna, eru ofbeldismennirnir látnir lausir eftir skýrslutökur, jafnvel þótt þeir séu dómgreindarlausir og hafi enga samúð með öðrum, sökum neyslu. Ofbeldi er óþolandi. En hasshausinn er látinn hanga í fangelsi þótt hann nenni ekki að berja nokkurn mann. Og ég skil ekki heldur hversu mildum höndum er farið um þá sem nauðga eða misnota börn kynferðislega. Þótt það sé ljótt að segja það, man ég eftir manni sem var tekinn í 34. skipti fyrir að berja einhvern í spað og ræna hann svo. Til að gera grín að dómskerfinu má segja að viðkomandi hefði náð sér í mildari refsisdóm hefði hann misnotað fórnarlambið í leiðinni. Þetta er ekki alveg í lagi.“

Hvað áttu af börnum?

„Ég og konan mín eigum þrjár dætur. Ein er 32 ára og er tölvunarfræðingur, önnur 26 ára dýralæknanemi og sú yngsta er 17 ára menntaskólanemi. Vinur minn spurði mig eitt sinn að því hvað hefði klikkað varðandi strákana. Ég sagði að strákar kæmu bara undir í fljótfærni. Hann hefur ekki minnst á þetta síðan.“

Miðdóttirin gerði mig að afa í fyrra. Þar er einn kvenmaðurinn í viðbót, alger sólargeisli afa síns.“

Einhver áhugamál sem detta inn um dyragættina?

„Ég fékk mér bát fyrir tveimur árum og er í Snarfara, félagi smábátaeigenda. Ég hef því verið að drepa þorsk og ýsu herna fyrir utan og ét fisk nógu oft. Það er óskaplega skemmtilegt að veiða, eins og svo margt annað í lífinu, ef hugarfarið er í lagi.“

Hvað felst í stækkun álversins í Straumsvík?



Vandaður undirbúningur

Undirbúningur að stækkun álversins hefur staðið í meira en sjö ár og mikil vinna liggur að baki. Skipulagsyfirlöng ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar hafa komið að málinu á öllum stigum þess, verkfræðistofur og arkitektar hafa séð um hönnun og Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi með strangari umhverfiskröfum en áður hafa þekkt.

Þörf á stækkun

Stækkun ISAL er forsenda þess að fyrirtækið geti haldið velli í samkeppni við önnur álver um allan heim á næstu áratugum. Með því að auka framleiðslugetuna með nýjustu og bestu tækni verður hægt að tryggja framtíð rekstursins og þau störf sem þúsundir einstaklinga hafa framfæri sitt af. Til verður stærra og betra álver.



Tímarammi og kostnaður

Ef Hafnirðingar lýsa sig fylgjandi stækkun álversins hefst endanleg hönnunarvinna, um leið og tilskilskilin leyfi hafa fengist frá Hafnarfjarðarbæ. Ráðgert er að framkvæmdir hefjist í Straumsvík í ársbyrjun 2008 og framleiðsla í stækkuðum hluta álversins hefjist síðla árs 2010. Heildarkostnaður við stækkunina er áætlaður 1.200 milljónir bandaríkjadala, eða rúmlega 80 milljarðar króna á núverandi verðlagi.

Umfang stækkunarinnar

Tveir kerskálur verða byggðir til viðbótar þeim þremur sem fyrir eru. Einnig verða þjónustubyggingar reistar milli nýju kerskálanna og þeirra gömlu. Framleiðslugeta álversins mun aukast um 150% en byggingar stækka aðeins um 85%. Athafnasvæðið í kringum verksmiðjuna mun einungis stækka um 56%. Reykjanesbrautin færir einnig lengra frá álverinu. Sjónræn áhrif af stækkuninni verða því mun minni en framleiðsluaukningin gefur ástæðu til að ætla.





Fleiri vel launuð störf

ISAL hefur alla tíð verið eftirsóttur vinnustaður. Aðbúnaður starfsfólks er fyrsta flokks og launakjör með þeim bestu sem þekkjast í þjóðfélaginu. Fullkomid launajafnrétti er milli kynja og konur ganga í sömu störf og karlar. Með stækkun fjölga starfsmönnum álversins um 350, auk þess sem hundruð nýrra starfa skapað annars staðar í tengslum við aukin umsvif.



Umhverfisáhrif eru hverfandi

Innihald flúors í gróðri í nágrenni álversins er svipað nú og áður en álverið tók til starfa árið 1969. Engin tengsl eru milli svifryks sem mælist á Hvaleyrarholti og vindáttu frá Straumsvík. Svifrykið á Hvaleyrarholti tengist því öðru en starfsemi álversins. Styrkur brennisteinsdíoxíðs í andrúmslofti verður áfram langt undir ströngustu viðmiðunarmörkum um loftgæði vegna heilsu fólks, eða á bilinu 1-2% af því sem leyfilegt er.

Efnahagsleg áhrif

Um 40% af veltu álversins í Straumsvík verða eftir á Íslandi, aðallega í formi orkukaupa, launagreiðslna, skattgreiðslna, fjárfestinga og kaupa á vörum og þjónustu af ýmsu tagi. Ef til stækkunar kemur mun álverið t.d. kaupa orku fyrir um 250 milljarða króna á næstu 20 árum. Bein ar tekjur bæjarsjóðs Hafnarfjarðar frá Alcan eftir stækkun verða um 800 milljónir króna á ári og heildartekjur bæjarsins vegna aukinna útsvarsgreiðslna einstaklinga og fasteigna- og lóðargjalda fyrirtækja verða í kringum 1,4 milljarða króna á ári.



Mat á umhverfisáhrifum

Lögum samkvæmt var framkvæmt mat á umhverfisáhrifum stækkunar álversins. Því umfangsmikla ferli lauk árið 2002 þegar Skipulagsstofnun samþykkti framkvæmdina með skilyrðum. Almenn sátt var um úrskurð Skipulagsstofnunar sem t.d. var ekki kærður eins og margir aðrir bæði fyrr og síðar.



Losun gróðurhúsalofttegunda

Við stækkun álversins mun losun koltvísýrings aukast. Þessi lofttegund, sem á sinn þátt í hægfare hlýnun jarðar, er óhjákvæmilegur fylgifiskur álframleiðslu hvar sem er í heiminum. Álfyrirtæki um allan heim vinna nú að þróun tækni til að snúa þessu við, þannig að súrefni verði til við álframleiðsluna í stað koltvísýrings (sjá viðtal á bls. 22). Koltvísýringur er 0,1% andrúmsloftsins og er ekki skaðlegur fólki.

Mikilvægar útflutningstekjur


Umtalsverður hluti af útflutningstekjum Íslendinga kemur frá núverandi rekstri Alcan í Straumsvík. Við stækkun álversins mun þetta hlutfall aukast og um leið hækka heildar útflutningstekjur þjóðarinnar verulega. Útflutningstekjur eru grundvöllur þess að við getum keypt vörur og þjónustu erlendis frá.



„Við höfum verið frumkvöðlar á sviði umhverfismála hér á landi“

Segir Guðrún Þóra Magnúsdóttir, leiðtogi umhverfismála hjá álverinu í Straumsvík.

„Því miður hefur umræðan um umhverfismálin hjá ISAL á tíðum farið út um víðan völl. Andstæðingar stækkunar hafa á stundum farið frjállega með staðreyndir, það verður þá að vera okkar hlutverk að leiðrétta rangfærslur og upplýsa Hafnafirðinga um það sem er satt og rétt í tengslum við umhverfismál álversins. Staðreyndin er sú að umhverfisáhrif álversins hafa á undanförunum áratugum



Losun gróðurhúsalofttegunda á hvert tonn hefur minnkað um 70% frá 1990.

minnkað gríðarlega mikið og nú er svo komið að þau eru hverfandi,” segir Guðrún Þóra Magnúsdóttir, leiðtogi umhverfismála hjá Alcan í Straumsvík.

Andstæðingar stækkunar hafa haldið því fram að útblástur frá álverinu minnki loftgæði í Hafnafirði og dragi þar með úr lífsgæðum íbúa. Hvernig horfa slíkar staðhæfingar við Guðrúnu Þóru?

„Þessar staðhæfingar eru byggðar á misskilningi. Útblástur frá álverinu hefur engin áhrif á lífsgæði fólks í Hafnafirði hvað loftmengun varðar. Sá útblástur sem er til staðar þynnist út innan hins svokallaða þynningarsvæðis og er raunar komin undir öll viðmið, sem snúa að heilsu fólks, strax innan girðingar hjá okkur,” segir Guðrún Þóra og heldur áfram. „Eflaust telja andstæðingar stækkunar líklegt til árangurs að siendurtaka þessar rangfærslur með það fyrir augum að sé hið ranga sagt nógu oft fari einhverjir að trú á því. Andstæðingar stækkunar hafa oft á tíðum sýnt mynd af álverinu þar sem gufustrókur stendur upp frá því til marks um mikinn mengunarútbástur, vitandi að þar er um sárasklausa vatnsgufu að ræða.“

Guðrún Þóra hefur starfað hjá í Straumsvík síðastliðin 12 ár, þar af sem leiðtogi umhverfismála undanfarnin 9 ár. Hver hafa verið stærstu skrefin sem stigin hafa verið í umhverfismálum hjá álverinu? „Þar ber fyrst að nefna að mjög mikill árangur hefur náðst í baráttunni við losun gróðurhúsalofttegunda. Í dag er staðan þannig að álverið í Straumsvík er með árangur á heimsvísu í þessum efnum. Í baráttunni við flúorkolefni erum við sannarlega heimsmeistarar. Ekkert álver í heiminum hefur náð jafn góðum árangri og við. Flúor í gróðri er í dag svipaður í nágrenni við álverið og hann var áður en það tók til starfa.“

„Hvað losun gróðurhúsalofttegunda varðar þá er losun þeirra 70% minni á hvert tonn en var árið 1990 og með stækkaðri verksmiðju verður losun enn minni fyrir hvert framleitt tonn en nú er.“

Umræðan um hvort notast eigi við þurrhreinsun eða vothreinsun hefur verið áberandi en hvernig horfir hún við þér? „Á þessu efni eru skiptar skoðanir. Í umsögn sinni um umhverfismat stækkunar sagði Hollustuvernd ríkisins (forveri Umhverfisstofnunar) að vothreinsun væri slakari kostur en þurrhreinsun ein og sér eins og aðstæður eru í Straumsvík. En álverið hefur ekki hafnað því að skoða möguleika á vothreinsun ef loftgæðamælingar gefa tilefni til,” segir Guðrún Þóra Magnúsdóttir.



Vinna við stækkun álversins mun ekki valda teljandi þenslu í hagkerfinu

Rætt við Svein Hannesson, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, um stóraukna getu byggingariðnaðarins til að takast á við stór verkefni á borð við stækkun álversins í Straumsvík, án þess að það leiði til samskonar þenslu og áður.

„Vinna við stækkun álversins í Straumsvík mun ekki reyna jafn mikið á hagkerfið og margir halda,“ segir Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

„Staðreyndin er sú að byggingariðnaðurinn hér á landi er mjög vel í stakk búinn til að takast á við þetta verkefni, án þess að allt fari úr böndunum. Atvinnugreinin hefur fjárfest gífurlega í eigin framleiðslugetu síðustu árin, ekki bara í vélum og tækjum, heldur ekki síður í aukinni þekkingu. Þess vegna getur byggingariðnaðurinn nú, tekist á hendur stærri verkefni, án þess að valda mikilli spennu í efnahagslífinu, á borð við þá sem skapaðist vegna virkjana- og álversframkvæmda á Austurlandi upp úr 2003,“ segir hann.

Sveinn segir mikilvægt að benda á þetta atriði, vegna fullyrðinga um að fyrirhuguð stækkun álversins muni skapa óæskilega þenslu í hagkerfinu. „Það er einfaldlega ekki rétt. En þar að auki, ef menn vilja draga úr hagvexti, þá eru margar skynsamlegri leiðir til þess en stöðva uppbyggingu útflutningsfyrirtækja sem geta tryggt varanlegan hagvöxt.“

Sveinn er einarður stuðningsmaður stækkunar álversins. „Við þurfum einfaldlega á því að halda að nýta orkulindir þjóðarinnar til að skapa útflutningstekjur, ný störf og skatttekjur til ríkis og sveitarfélaga. Við skulum ekki láta núverandi þensluástand koma í veg fyrir að við horfum til framtíðar. Þessi þensla mun ekki vara að eilífu. Hún byggist að verulegu leyti á einkaneyslu, sem er fjármögnuð með erlendum lánum. Á endanum kemur að skuldadögum og þá skiptir meginmáli fyrir þessa þjóð að geta treyst á öflugar útflutningsgreinar á borð við álver.“

„Hafnirðingum hefur verið treyst fyrir afdrifaríkri ákvörðun,“ heldur Sveinn áfram. „Þeir hafa í hendi sér að

tryggja framtíð eins farsælasta iðnfyrirtækisins hér á landi og tryggja þar með stöðugleika og fjölgun starfa. Ég neita að trúa því að fólki finnist engu máli skipta, að með stækkun álversins verða til 350 ný og vel launuð störf á þessum eftirsóttu vinnustað, auk hundruð annarra nýrra starfa sem verða til annars staðar í þjóðfélaginu.“

Sveinn gefur lítið fyrir ummæli þess efnis að ekki verði nægilegt framboð af fólki til að starfa í stækkuðu álveri og flytja þurfi inn erlent vinnuafli til að starfa þar. „Má ég minna á að það hefur að meðaltali fjölgað árlega um rúmlega 1.700 Íslendinga á vinnumarkaðnum hér á landi, undanfarin ár. Þar sem eftirspurn eftir vinnuafli hefur verið mun meiri en þetta, höfum við þurft að fá erlent vinnuafli til starfa en það er óvíst hvernig sú þróun verður í framtíðinni. Stækkað álver tekur ekki til starfa fyrr en 2010 og þá mun okkur að öllum líkindum ekkert veita af þessum atvinnutækifærum. Vonandi verður þá ekki búið að kjósa þau burt.“

„Það er illt viti ef íslenska þjóðin er farin að trúa því að við þurfum ekki á því að halda að nýta auðlindir okkar til að skapa útflutningsverðmæti og vel launuð störf. Margir virðast trúa því að verðmætasköpun sé aðallega á hendi ríkis og sveitarfélaga en litlu máli skipti hvort fyrirtækin fara eða vera, lifa eða deyja. Það er auðvitað argasta vitleysa. Við lifum ekki til lengdar á því að flytja inn og selja hvert öðru flatskjái og bíla, fjármagnaða með erlendum lánum. Vonandi þarf ekki stórkostleg efnahagsáfall til þess að sannfæra þjóðina um að við þurfum á arðbærri framleiðslu og útflutningstekjum að halda,“ segir Sveinn Hannesson að lokum.

Nytjahlutir og framtíðarhönnun

Ál er málmur nútímans og framtíðarinnar. Eftirspurn eftir því hefur aukist um 4% á ári, síðastliðin 40 ár og virðist ekkert lát vera á. Ál er létt og sterkt og hægt að endurvinna það aftur og aftur, án þess að það tapi eiginleikum sínum.

Ál býr yfir eiginleikum sem hönnuðum og framleiðendum þykja eftirsóknarverðir og fátt annað en hugmyndaflugið virðist geta sett notkunarmöguleikum þess skorður. Það er framleitt í tæknivæddustu samfélögum veraldar, eins og Bandaríkjunum, Kanada, Noregi, Frakklandi, Þýskalandi og á Íslandi. Framleiðsla þess helst í hendur við framfarir víða í heiminum og tengist leið ýmissa landa inn í framtíðina. Álframleiðsla hefur til dæmis aukist í Kína, samfara miklum hagvexti og stórstígum framförum. Líkur benda til þess að hjarta áliðnaðarins á næstu árum verði í Mið-Austurlöndum.



Um 20% af því áli sem framleitt er í heiminum fer í umbúðir, eins og drykkjardósir, álfilmur og lyfjaumbúðir. Árlega er seldur meira en einn milljarður dósa úr áli undir drykkjarvörur. Álið leiðir vel og þess vegna kólnar innihaldið hraðar en ella. Um það bil 85% slíkra dósa er skilað til endurvinnslu hér á landi.



Form utan um sprittkerti eru úr áli en notkun slíkra kerta hefur margfaldast á undanförunum árum.



Upplýsingarnar sem geymdar eru á geisladiskum eru skrifaðar á álfilmu.




Álþynnur utan um lyf þurfa að vera það sterkar að ekki sé hætt á að þær rifni og lyfin detti úr þeim. Þær þurfa jafnframt að vera það sveigjanlegar að auðvelt sé að þrýsta pillunum í gegn. Auk þess verða þær að vera það þéttar að birta komist ekki í gegnum þær.



Um 26% álframleiðslunnar eru notuð í flutningatæki, en í bílaiðnaði hefur álið í síauknum mæli tekið við af stáli, þar sem það býr yfir öðrum eiginleikum. Alcan í Straumsvík flytur út ál til Þýskalands sem notað er í bílaiðnað þar í landi.



Notkun á áli í byggingariðnaði hefur aukist mikið á undanförunum árum en um það bil 20% af allri álframleiðslu fara til byggingariðnaðar. Ál það sem Alcan í Straumsvík flytur út fer meðal annars í húsaklæðningar.



Ál er notað innan í fernur bæði til að halda þeim uppi og til að koma í veg fyrir að sólarljós komist í gegnum þær.



Nútímaleg og falleg hönnun! Hönnuðir og framleiðendur sjónvarps- og hljómflutningstækja nota álið sífellt meira. Tækin verða fyrir bragðið léttari og hægt er að hafa sjónvarpsskjáina stærri en ella. Notkun álsins hefur gefið hönnuðum svigrúm til að skapa nútímalega og frumlega hönnun.



Hafnarfjörður í vexti

Þessi loftmynd, sem tekin var í ágúst í fyrra, sýnir svo ekki verður um villst að Hafnarfjörður er bær í örum vexti.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar til 2024 er áformað að íbúðabyggð bæjarins þróist í suður frá núverandi byggð (neðri hlutinn á loftmyndinni). Samkvæmt skipulaginu verður byggt inn til landsins í átt að Hvaleyrarvatni. Sú byggð verður í framhaldi núverandi Áslandshverfis, inn með Kaldárselsvegi og suður fyrir Ásfjall. Í framhaldi Vallahverfis verður byggt til suðurs og austurs, en þar er gott byggingarland og mikið landrymi. Jafnframt er verið að þetta núverandi byggð og gert ráð fyrir að 1.000 nýjar íbúðir verði til með þeim hætti.

Í aðalskipulaginu er því spáð að byggðar verði 200-300 nýjar íbúðir á hverju ári og að íbúafjöldi í Hafnarfirði verði kominn í 32 þúsund manns árið 2024, en hann er um 24 þúsund nú.







Kona í kerskála

Anna Jóna Ármannsdóttir er ekki óvön því að vera eina konan í karlahópi. Síðastliðin 11 ár hefur hún unnið í álverinu í Straumsvík þar sem karlmenn eru í miklum meirihluta. Núna er hún flokkstjóri í kerskála.

eftir Gullveigu Sæmundsdóttur

Hver skyldu hafa verið tildrög þess að Anna Jóna fór að vinna hjá ISAL?

„Í rauninni var það fyrir algera tilviljun. Ég lenti í alvarlegu bílslysi árið 1991 og slasaðist mikið. Ég var svo illa farin að það tók mig næstu fjögur árin að komast aftur út í lífið. Áður hafði ég unnið almenna verkamannavinnu í frystihúsi, á elliheimili og í verslunum. Þegar ég loks náði mér og gat farið að hugsa fyrir því að komast aftur út á vinnumarkaðinn, velti ég því fyrir mér hvaða störf ég gæti yfirleitt unnið. Vinkona mín benti mér á að verið væri að auglýsa eftir fólki til starfa við álverið og sú vinna væri ekkert mjög erfið líkamlega. Þetta var sumarstarf og ég ákvað að slá til. Ég hugsaði með mér að þar sem um væri að ræða sumarvinnu, væri allt í lagi að prófa. Það kæmi bara í ljós hvort ég hefði heilsu til að vinna þessa vinnu og eins hvort fyrirtækið vildi hafa mig áfram.

Mér var sagt að ég ætti að vinna við rafgreiningu og ég sagði bara „já“, þó að ég vissi ekkert hvað það var. En mér var afskaplega vel tekið, sem gerði allt auðveldara. Þá var kominn vísir að því „fóstrakerfi“, sem nú er notað hjá okkur en í því felst að ákveðinn aðili tekur á móti manni og hjálpar manni fyrstu skrefin. Sá sem var „fóstri“ minn hjálpaði mér mikið og leiddi mig áfram. Þetta var mér afskaplega mikilvægt. Milli okkar ríkti mikið traust, enda var ég mjög heppin með „fóstra“.

Varstu ekkert óróleg yfir að ganga inn í þennan karlaheim?

„Nei, eiginlega ekki. Ég á sex bræður á lífi og hef alltaf verið innan um karlmenn. Ég hef oft unnið með körlum og svokölluð karlastörf en sérstök kvennastörf. Þetta var því ekkert nýtt fyrir mér. Ég er líka mikill jafnréttissinni og finnst sjálfsgagt að konur vinni með körlum. Pabbi minn var í verkalyðsforystu og ég var alin upp á verkalyðsheimili. Pabbi innrætti mér og systkinum mínum vinnuaga og ábyrgðartilfinningu. Aga hvað varð-

ar mætingar og virðingu gagnvart þeim verkum sem maður tekur sér fyrir hendur. Hann lagði líka á það áherslu að velferð fyrirtækisins skipti verkamanninn ekkert minna máli en forstjóran og við yrðum að hugsa um vinnuna út frá því. Vinnan væri sameiginlegt verkefni allra hjá fyrirtækinu. Hann kenndi mér sömuleiðis að þó að ég stæði í kjarabaráttu, yrði ég að kynna mér og skilja afstöðu fyrirtækisins sem ég ynni hjá. En ég ætti jafnframt að vera sjálfstæð og hafa næga sjálfsvirðingu til þess að geta farið fram á launahækkun.

Á þessum árum unnu fáar konur í álverinu en ég sá fljótt að ég myndi ráða við það sem mér var ætlað að gera. Tæknin verður sífellt meiri, sem hefur þau áhrif að við þurfum ekki að hafa sérstaka líkamsburði til að geta unnið til dæmis í kerskála. Þegar þarf að færa þunga hluti til er notuð sérstök tækni, þannig að konur geta alveg eins gert þetta og karlarnir. Maður þarf bara að sýna þrautseigju og læra á tækin.“

Fékkstu sömu laun og karlarnir?

„Já, strax. Það hefur alltaf verið stefna fyrirtækisins að greiða sömu laun fyrir sömu vinnu. Starfsumhverfið í Straumsvík var allt annað en ég átti að venjast. Ég hafði meðal annars unnið í fiskvinnslu, í verslunum og á elliheimili, sem er reyndar nánast góðgerðarstarf, af því að launin eru svo léleg. Á þessum vinnustöðum var umhverfi verkamannanna allt annað en það sem við tók hjá álverinu. Í frystihúsunum var það þannig að maður mætti á morgnana og vissi aldrei hvað vinnutíminn yrði langur. Ég vissi heldur aldrei fyrirfram hvenær eða hvort ég gæti farið í sumarfrí og þegar frystihúsið lokaði var ég launalaus.

Þegar ég byrjaði að vinna í álverinu kynntist ég líka öllu mögulegu sem ég hafði aldrei upplifað áður. Við gátum fengið okkur kaffi, te, ávaxtasafa eða eitthvað annað að drekka, án þess að borga fyrir það. Við feng-

um mat í vinnunni endurgjaldslaust og allan vinnuklæðnað; galla, sérstök nærföt sem eru úr eldvörðu efni, öryggisskó, hjálma, sjóngleraugu, öryggisgleraugu og annan búnað sem við þurfum að nota í vinnunni. Á staðnum er líka baðaðstaða, vinnufatnaðurinn er þveginn og við fáum friar rútuferðir til og frá vinnu. Allt þetta var nýtt fyrir mér. Ég hafði vanist því í frystihúsunum að þurfa að kaupa vinnugallann minn sjálf og borga eigin mat og drykk.

Fyrir mig, sem verkamaður, var þetta mikil breyting. Allt í einu gat ég farið í sumarfrí á launum og vissi langt fram í tímann hvenær ég gæti farið. Mér fannst líka þægilegt hvað allt var heiðarlegt, en það er stefna fyrirtækisins að allt sé uppi á borðinu. Enginn fær greitt svart og engum er mismunað í launum. Ég vann gjarnan karlastörf í frystihúsunum og gat hið launin mín upp þannig og með bónum og yfirvinnu. En ég þurfti að hafa mikið fyrir því og eftir slysið hafði ég ekki heilsu til að halda þannig áfram. Þegar ég byrjaði að vinna í álverinu var ég í þeirri ánægjulegu stöðu að þurfa að hafa minna fyrir laununum. Ekki bara hvað varðar líkamlegt erfið, heldur var vinnutíminn líka styttri.

Þetta fyrsta sumar mitt hjá fyrirtækinu vann ég dagvinnu síðan tóku við tvískiptar vaktir og eitt árið vann ég í mötuneyti á meðan verið var að byggja „Þrjú skálann“. En mig langaði aftur í kerskálann þar sem ég byrjaði. Það er mjög sérstakt að vinna í kerskála. Þarna vinna tuttugu manns saman á vakt. Þeir eru flestir með langan starfsaldur og hafa unnið náið saman í langan tíma. Andrúmsloftið í kerskálum er því mjög sérstakt og erfið að útskýra með orðum hvernig það er. Fólk vinnur saman daga, kvöld og nætur, allan ársins hring og verður fyrir bragðið mjög náð.

Núna er vinnutími minn þannig að ég vinn á vöktum í fimm daga og á svo frí næstu fimm daga. Þegar „mínir“ fimm vinnudagar standa yfir, vinn

„Fyrir mig sem verkamann var þetta mikil breyting. Allt í einu gat ég farið í sumarfrí á launum og vissi langt fram í tímann hvenær ég gæti farið.“

ég hvort sem það eru jól, páskar eða virkir dagar. Þessa fimm daga stend ég sex átta tíma vaktir og geri í rauninni lítið annað en að vinna og sofa, á meðan tórinn stendur yfir. En svo koma frídagarnir og þá geri ég allt mögulegt sem ég get ekki gert meðan vinnutórinn stendur yfir.“

Hvernig líkar þér að vinna vaktavinnu?

„Þegar ég byrjaði að vinna í álverinu fannst mér þægilegt að þurfa aldrei að vinna lengur en átta tíma í einu og vita alltaf fyrirfram hve langur vinnudagurinn yrði. Vinna í fyrirtæki eins og álverinu er líka öðruvísi en önnur vinna sem ég hef unnið, að því leyti að ég tek hana aldrei með mér heim. Ég legg mig alla fram á meðan á henni stendur en veit að aðrir taka við af mér og klára þau verkefni sem þarf að ljúka, eftir að ég er farin af vaktinni. Áður hafði ég farið heim úr vinnunni og átt eitthvað eftir ógert og verkefnið beið mín ófrágengið næsta morgun. Þannig er ekki vinna í álveri. Hún er stöðug, ein vakt tekur við af annarri og lýkur því sem þarf að klára eða leysir vandamál sem vaktin á undan náði ekki að leysa. Fyrir bragðið tekur maður ekki áhyggjur af vinnunni með sér heim.“

Hvernig gengur þér að eiga eitthvert privatlíf fyrir sjálfa þig þar sem þú vinnur svona óreglulegan vinnutíma?

„Þegar maður vinnur eins og ég geri, er nauðsynlegt að laga líf sitt að því. Ég viðurkenni að þessa fimm daga sem vinnutórinn stendur yfir, geri ég ekkert annað – ég bara vinn, sef og borða en fresta öllu öðru. Fyrir bragðið missi ég svolítið samband við fjölskylduna. Fólk veigrar sér við að hringja, reiknar kannski með að ég sé að vinna eða að koma af næturvakt. En ég á aftur á móti frí á tímum sem aðrir eiga ekki almennt frí og get þá gert allt mögulegt, enda þægilegt að eiga frí í miðri viku. Þá útrétta ég, fer í banka, til læknis og því um líkt. Ég fer líka út að ganga, spila golf og geri ýmislegt sem ég myndi kannski ekki gera ella.“

Þú ert búin að fara í gegnum Stóriðjuskólann. Hvernig kom það til?

„Ég hef aldrei unnið á vinnustað þar sem jafnmikil áhersla er lögð á að starfsmenn sækji námskeið og mennti sig. Mér hefur boðist að sækja fjöldann allan af námskeiðum, mér að kostnaðarlausu, sem er ómetanlegt. Ég hef sótt skyndihjálparnámskeið, námskeið í rafgreiningu, stjórnendanámskeið hjá Iðntæknistofnun sem var mjög umfangsmikið og fjölmörg önnur námskeið. Og svo bauðst mér að sækja nám í Stóriðjuskólanum, sem var ekkert smáræðis átak fyrir mig og breytti í rauninni lífi mínu.“

Námið í Stóriðjuskólanum var þrjár annir en skiptist í tvo hluta. Þegar ég hóf nám í fyrri hlutanum hafði ég unnið í álverinu í fjögur ár. Mér bauðst að fara í þetta nám en töluverð launahækkun fylgdi eftir að því lauk og við vorum á fullum launum meðan á því stóð. Við lærðum annars vegar reikning, rafeindafraði, eðlisfræði, tölvunotkun og fleira hagnýtt. Hins vegar var okkur kynnt ýmislegt sem tilheyrir starfsemi fyrirtækisins og fengum að fara inn á aðrar deildir og sjá það sem þar fór fram.

Hvernig gekk hjá þér að setjast aftur á skólabekk?

Ég hafði ekki verið í skóla í þrjátíu ár, þannig að þetta reyndist mér bæði erfitt og kostaði mig gífurlegt átak. Mér fannst heilmikið mál að byrja að læra aftur eftir svona langan tíma og sitja yfir bókum og námi. Auðvitað reyndi mis-

„Á þessum árum unnu fáar konur í álverinu en ég sá fljótt að ég myndi ráða við það sem mér var ætlað að gera.“





„Mér fannst mjög sérstakt að finna að fyrirtækið hafði metnað fyrir mína hönd, en slíku hafði ég aldrei kynnst áður.“

mikið á okkur. Við höfðum ólíkan grunn að byggja á og líka mismunandi mikinn metnað. Ég þurfti að hafa verulega fyrir náminu en hópurinn var mjög samstilltur og ég var svo heppin að einn félagi minn studdi mig mikið og hjálpaði mér. Stundum var hraðinn of mikill og hann var þá til taks, hjálpaði mér og útskýrði þegar ég átti í erfiðleikum með einhver verkefni.

Eftir að ég lauk fyrri hluta námsins í Stóriðjuskólanum, sem var eins konar grunn nám fyrir vinnu í álveri, var ég gerð að flokksstjóra í einni deild kerskálans. Það er engin spurning í mínum huga að það hefði aldrei orðið ef ég hefði ekki farið í þetta nám. Ég hafði miklu meira sjálfstraust eftir námið en áður. Ég er viss um að allir sem voru með mér í náminu, hafa fengið eitthvað fyrir sig í gegnum það sem þeir njóta góðs af. Fyrst þegar kom til tals að ég yrði flokksstjóri var ég ekki alveg tilbúin til þess og taldi að aðrir væru miklu betur til þess fallnir. En eftir að hafa verið í náminu hafði ég kjark og þor, sem ég hafði ekki haft áður, til þess að takast á við ögrandi verkefni. Ég var líka hvött til þess að taka þetta að mér og fékk frábæran stuðning samstarfsmanna minna.

Eftir að ég var orðin flokksstjóri ákvað ég að fara í framhaldsnámið í Stóriðjuskólanum. Ég var í fyrsta hópnum sem fór í framhaldsnám en við vorum þrettán í byrjun og ellefu luku náminu og ég var eina konan í hópnum. Kröfurnar voru miklar á þessu stigi og þarna reyndi verulega á að samræma nám, vaktavinnu og heimilishald. Karlarnir kvörtuðu stundum yfir því að þeir gerðu ekkert annað en vinna og vera í skólanum – eiginkonurnar sæju um allt annað. Ég stríddi þeim þá stundum og sagði að líklega yrði ég bara að ná mér í konu til þess að gera þetta „annað“, heimilisverkin og slíkt, sem ég auðvitað gerði þótt ég væri í vinnu og skóla eins og þeir!

En þetta var líka óskaplega gaman. Við fórum á námskeið hjá Dale Carnegie sem mér fannst alveg meiriháttar, sóttum iðngreinanám í Borgarholtsskóla, fórum í Vél-skólann og Enskuskólann og á fleiri staði. Það er óhætt að segja að það hafi verið stoltur hópur sem skilaði sínu 20. desember. Og það voru fleiri en við sem voru ánægðir. Við fundum líka að stjórnendur fyrirtækisins voru stoltir fyrir okkar hönd.

Það var stórkostlegt fyrir mig sem verkamann, að koma inn í umhverfi eins og þetta og eiga kost á öllu því sem mér hefur boðist að taka þátt í á þessum ellefu árum. Mér fannst mjög sérstakt að finna að fyrirtækið hafði metnað fyrir mína hönd, en slíku hafði ég aldrei kynnst áður.“

Hvernig gengur konum að fóta sig í þessu vinnuumhverfi?

„Konum hefur fjölgað nokkuð í álverinu á undanförunum árum. Á minni vakt eru þær til dæmis fimm. Karlmenn hafa að miklu leyti mótað starfið, sem er eðlilegt, þar sem

þeir eru svo miklu fleiri en konurnar. Að mörgu leyti þurfa konur að leggja meira á sig til þess að aðlaga sig að vaktavinnuferfinu, vegna þess að heimilishald hvílir enn sem komið er meira á þeirra herðum. Ég get samt ekki betur séð en það gangi mjög vel hjá þeim.

Ný tækni hefur líka auðveldað konum vinnu í kerskálunum. Þegar verið er að skammtengja ker þarf reyndar töluverða líkamlega krafta sem konur hafa yfirleitt ekki. En eftir því sem okkur fjölgar verður örugglega fundin upp ný tækni og aðrar aðferðir við verkin sem taka mið af líkamsburðum okkar.“

Er mikið um fjarvistir vegna veikinda í þínum hópi?

„Sjálfr er ég ekki oftast veik eftir að ég fór að vinna hjá álverinu og verð heldur ekki vör við að mikið sé um veikindi á minni vakt, enda er allt gert til þess að verja okkur og öryggisbúnaður og varnir sem við notum, er á heimsmaelivkvarða. Við notum öryggisgleraugu, erum með hjálma og þegar ástæða er til notum við sérstakar grímur.

Öryggi, umhverfi og heilsa eru einkunnarorð fyrirtækisins. Stundum verða samt slys, því miður, en sem betur fer ekki oft, enda allt gert sem í mannlegu valdi stendur til þess að koma í veg fyrir að þau verði. Öryggismál og mengunarvarnir voru í góðu lagi þegar ég kom til starfa í Straumsvík en það var ekki látið þar við sitja og sífelld er unnið að því að finna nýjar leiðir til þess að koma í veg fyrir og lágmarka mengun og tryggja öryggi okkar. Vitund almennings um umhverfismál er líka miklu meiri en áður var. Ég viðurkenni að ég hef meiri áhyggjur af mengun frá öðrum fyrirkækjum og bílum en frá álverinu í Straumsvík.“

Verðurðu vör við fordóma fólks gagnvart vinnu þinni?

„Já, stundum. Oft finnst mér þessir fordómar stafa af þekkingarleysi og fólk sjá fyrirtækið fyrir sér eins og ég gerði áður en ég kynntist málum af eigin raun. Ég myndi ekki vinna þarna ef ég héldi að það hefði skaðleg áhrif á heilsuna, enda veit ég vel hvað góð heilsa skiptir miklu máli. Ég vildi óska þess að fólk nýtti sér „opna daga“ fyrirtækisins til að koma og skoða það og kynna sér málin. Sumir halda að við sem vinnum í kerskálunum stöndum heilu og hálfu dagana yfir opnum kerum. Þannig er það alls ekki. Við vinnum mest við tölvur og í fyrirbyggjandi málum til þess að geta gripið inn í áður en alvarlegur vandi steðjar að.“

Ingólfur Þorbjörnsson,
framkvæmdastjóri tækni-
sviðs hjá Iðntæknistofnun.



Ný framleiðslutækni í álverum

Súrefni losað í stað koltvísýrings

- Með framtíðar framleiðslutækni munu álver hætta að losa koltvísýring og þess í stað fara að framleiða súrefni. Þróunarvinna lofar góðu, en samt er langt í land, bæði tæknilega og fjárhagslega.

Álfyrirtæki um allan heim vinna hörðum höndum að þróun tækni sem gæti komið í veg fyrir losun koltvísýrings við álframleiðslu. Þess í stað mundu álverin dæla frá sér hreinu súrefni.

„Þetta er nú þegar mögulegt á rannsóknastofu,“ segir Ingólfur Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri tæknisviðs hjá Iðntæknistofnun. „Það er samt heilmikið þróunarferli eftir og mikil óvissa um hvenær álframleiðsla með þessari tækni verður hagkvæm.“

Ingólfur segir að við hefðbundna álframleiðslu séu notuð rafskaut úr kolum. Rafskautin brenna við rafgreiningu í kerjum og kolefnin úr þeim ganga í samband við súrefnið er losnar við rafgreiningu úr súrálínu og mynda koltvísýring, sem er algengasta gróðurhúsalofttegundin.

„Nýja tæknin felst í því að nota svokölluð óvirk rafskaut, sem brenna ekki og endast lengi. Við það myndast enginn koltvísýringur heldur losnar súrefni úr súrálínu, sem er vitaskuld hið besta mál. Þetta hljómar einfalt en er það ekki í raunveruleikanum. Mjög erfiðlega hefur gengið að þróa óvirk rafskaut sem þola 900 gráðu hitann og ætandi raflausnina í kerjunum í nógu langan tíma til að vera valkostur við kolaskaut,“ útskýrir Ingólfur.

„Þessi tækni hefur ekki þróast jafn hratt og vonir stóðu til, en engu að síður leggja líklega öll álfyrirtæki heims verulega fjármuni í rannsóknir á henni. En málið snýst ekki ein-

göngu um tæknilausnir, heldur líka um hverju þær skila á endanum. Enginn mun taka þessa nýju tækni í notkun fyrr en hún hefur sannað sig og verður samkeppnisfær við núverandi tækni,“ segir Ingólfur.

Hann segir erfitt að slá einhverju föstu um hvenær álver gætu farið að framleiða súrefni í stað þess að losa koltvísýring. „Efnahagslegi þátturinn skiptir miklu máli. Það er lítill hvati fyrir álframleiðendur að fara að nota þessi umhverfisvænu óvirku rafskaut ef framleiðslukostnaðurinn verður hærri en með gamla laginu. Enginn mun ganga fram fyrir skjöldu til að fara að framleiða með hærri tilkostnaði en hinir.“

Ingólfur telur að líklega muni mestu ráða um framvinduna ef farið verður að selja réttinn til koltvísýringslosunar. „Þá verður þetta bara reikningsdæmi. Kostnaður vegna koltvísýringskvóta gæti leitt til að þessi nýja tækni teljist hagkvæmari og þá munu menn spýta í lófana. Um leið og tæknin verður farin að sanna sig mun ekki taka mörg ár þar til allflest álver verða búin að snúa við blaðinu og farin að dæla súrefni út um strompa sína.“

Þess má geta að hjá Iðntæknistofnun hafa farið fram rannsóknir á notkun óvirkra rafskauta til álframleiðslu. Þær tilraunir hafa sýnt jákvæðar niðurstöður og staðfest trú manna á þessari tæknilausn. Iðntæknistofnun gegnir enn fremur stóru hlutverki í afmörkuðum hluta áliðnaðar heimsins. Stofnunin hefur í þriggja stöðum fyrir alþjóðlegri ráðstefnu skautsmiðja álvera og er þetta eina alþjóðlega ráðstefnan fyrir þennan geira álframleiðslunnar. Mjög gott samstarf hefur verið við héraend álfyrirtæki, Norðuál og Ísal og er það samstarf mjög mikils virði. Ráðstefnan er haldin þriðja hvert ár og 2005 sóttu hana rúmlega 140 þátttakendur frá 22 löndum. Fjórða ráðstefnan verður haldin hér á landi á vegum Iðntæknistofnunar árið 2008.



Efnahagsleg áhrif ISAL fyrir Hafnarfjörð

Vegna lagabreytingar mun Hafnarfjarðarbær framvegis fá stórauknar tekjur af starfsemi ISAL. Í stað þess að sérstakt framleiðslugjald renni til ríkisins eins og verið hefur frá stofnun álversins, fær bæjarsjóður Hafnarfjarðar fasteignagjöld, lóðargjöld og hafnargjöld af starfseminni, líkt og af öllum öðrum fyrirtækjum í bænum.

Ef stækkun verður samþykkt munu beinar greiðslur Alcan til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar nema 800 milljónum króna á ári. Að auki hefur Hafnarfjarðarbær verulegar tekjur af útsvari starfsmanna álversins svo og opinberum gjöldum þeirra fjölmörgu fyrirtækja í Hafnarfirði sem þjónusta álverið. Samkvæmt útreikningum Samtaka atvinnulífsins munu heildartekjur bæjarins af starfsemi álversins eftir stækkun nema rúmum 1,4 milljörðum króna árlega, en það jafngildir um 250 þúsund kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í bænum á hverju ári.

Um 40% allrar innlendarar þjónustu og rekstrarvöru er keyptur af fyrirtækjum í Hafnarfirði. Árið 2006 námu viðskipti álversins við hafnirska þjónustuaðila um tveimur milljörðum króna. Ljóst er að þessi viðskipti myndu aukast verulega með stækkun álversins.



„Þykir virkilega sjálfsagt að hátt í 400 Hafnfirðingar missi vinnuna ef álverinu verður lokað?“



„Varla lifum við endalaust á yfirdrætti í útlöndum“

- segir Björk Guðbrandsdóttir, sem er undrandi á ýmsu í málflutningi andstæðinga stækkunar álversins.

„Mér finnst margt í þessum málflutningi ósanngjarn.“ Þetta segir Björk Guðbrandsdóttir, starfsmaður hjá Alcan, um sitt hvað sem lagt hefur verið fram gegn stækkun álversins. Hún hefur fylgst náið með umræðunni og tekur virkan þátt í baráttunni fyrir stækkuninni.

„Margir af andstæðingum stækkunarinnar segja að nóg sé til af störfum í þjóðfélaginu og að ekki þurfi að skapa fleiri. Sumir fullyrða meira að segja að störfin verði til sjálfkrafa,“ segir Björk.

„Í fyrra vorum við Íslendingar með óhagstæðan viðskiptajöfnuð við útlönd upp á 300 milljarða króna. Þetta er auðvitað ekkert annað en yfirdráttur þjóðfélagsins í útlöndum. Út á þennan yfirdrátt eru öll „sjálfkrafa“ störfin að skapast. En varla lifum við á yfirdrætti endalaust? Hvaða atvinnurekstur á að borga þessi lán, ef ekki einmitt útflutningsfyrirtæki á borð við álverið?“ spyr Björk og er heitt í hamsi.

„Svo finnst mér dapurlegt að lesa hugleiðingar um að hjá álverinu starfi ekki nema rúmlega tvö hundruð Hafnfirðingar og þeir geti bara fengið sér aðra vinnu ef álverið lokar. En gleymum því ekki að annar eins hópur Hafnfirðinga vinnur hjá fyrirtækjum sem sjá um ýmskonar þjónustu við álverið. Þykir fólki virkilega sjálfsagt að hátt í 400 einstaklingar í Hafnarfirði missi vinnu sína? Eða er hugmyndin að þeir fái einhver af þessum „sjálfkrafa“ störfum? Og svo eru menn að tala um að iðnaðarsvæðið í Kapelluhrauni þurfi að vikja fyrir íbúðabygð. Hvar eiga Hafnfirðingar þá eiginlega að starfa ef hér verður ekkert

pláss fyrir atvinnufyrirtækin? Kannski í Þorlákshöfn, eins og ég heyrði einn stinga upp á nýlega?“

Björk segist ekki geta gert að því þótt hún spyrji svona og spyrji. „Mér finnst margt í þessum málflutningi bara svo óskiljanlegt. Ein meginröksemdin gegn álverinu sem ég heyri, er að staðsetning þess hamli þróun byggðarinnar í Hafnarfirði til vesturs. Eg kaupi ekki þessi rök. Út um allt land og út um allan heim eru atvinnusvæði í bland við íbúðasvæði. Auðvitað stoppar iðnaður í Kapelluhrauni ekki vöxt Hafnarfjarðar, ekkert frekar en til dæmis iðnaðarsvæðið á Ártúnshöfða hefur stöðvað vöxt Reykjavíkur.“

Það fer líka í taugarnar á Björk hvernig ýmis orð eru notuð til að skapa óhug hjá fólki. „Þeir tönnlast til dæmis á orðinu álbræðsla. Hvaða álbræðslu eru menn að tala um? Álverið bræðir ekkert ál, það framleiðir ál úr súráli. En augsýnilega þykir orðið álbræðsla miklu meira „hrollvekjandi“ en álver.“

„Það er talað um þreföldun álversins og að stærsta álbræðsla í Evrópu verði reist í bakgarði Hafnfirðinga. Þetta er auðvitað samskonar hræðslutaktik. Það er verið að láta þetta líta út eins og eitthvert ferliki sé að breiða úr sér yfir allan Hafnarfjörð. En hver er sannleikurinn? Iðnaðarsvæðið í Kapelluhrauni mun ekki stækka neitt, þannig að stækkun álversins er bara innan þess. Álverið er ekkert að þrefaldast, það er einfaldlega rangt. Það stækkar um 150% og sjálf lóðin í kring stækkar ekki nema um 56%. Auðvitað tekur álverið sitt pláss, eins og það hefur alltaf gert, en ekkert í líkingu við svona tröllasögur.“

En þótt Björk pirri sig á röksemdafærslu ýmissa andstæðinga stækkunar álversins, þá segist hún ekki hafa sérstakar áhyggjur af áhrifum þess á Hafnfirðinga. „Ég heyri ekki betur á fólki hér í Hafnarfirði en að það leggi mikið upp úr því að kynna sér báðar hliðar málsins, til að geta vegið og metið kostina og gallana. Við hjá álverinu höfum lagt okkur fram um að leggja staðreyndirnar á borðið fyrir Hafnfirðinga. Því fer það óneitanlega í taugarnar á okkur þegar andstæðingar stækkunarinnar grípa til svona málflutnings til að gera málstað sinn sölulegri,“ segir Björk Guðbrandsdóttir að lokum.

Hversu mikið mun álverið stækka í raun og veru?

Fleiri en einn og fleiri en tveir mælikvarðar eru til sem sýna umfang fyrirhugaðrar stækkunar ISAL í Straumsvík. Hér eru nokkrir:

- Framleiðslugetan eykst úr 180 þúsund tonnum í 460 þúsund tonn á ári. Það er 155% aukning.
- Húsnæði eykst að flatarmáli um 85%.
- Athafnasvæðið (lóðin) stækkar um 56%.
- Starfsmönnum fjölgar um 350, úr 450 í 800, sem er 77% aukning.
- Hvert ker í nýju kerskálunum verður þrefalt stærra en núverandi ker. Það sparar töluverða orku og dregur úr umhverfisáhrifum.

Reykjanesbrautin verður færð í boga töluvert langt frá álverinu vegna stækkunar þess, eins og sjá má af myndinni. Margvíslegar hugmyndir hafa komið fram um að nýta svæðið þarna á milli til að draga úr sjónrænum umhverfisáhrifum álversins. Meðal annars hefur verið bent á að rækta mætti trjágróður meðfram veginum. Helstu vandkvæðin eru hins vegar þau að enginn jarðvegur er þarna fyrir ræktun af nokkru tagi. Flytja þyrfti þúsundir bílhlassa af mold á staðinn og setja upp vökvunarkerfi.

Einnig hefur verið rætt um að nýta þetta svæði undir ristastór útilistaverk. Sú hugmynd er ekki komin miklu lengra en á hugmyndastigið – en orð eru jú alltaf til alls fyrst.

Mynd þessi er tölvuunnin hjá Onno, eftir teikningum arkitekta. Takið eftir veginum sem kemur frá vinstri á myndinni og liggur á milli eldri og nýrri kerskálanna, að kapellu heilagrar Barböru, sem Kapelluhraun dregur nafn sitt af. Kapellan verður utan girðingar álversins, þannig að almenningur á greiðan aðgang í kapelluna.





Konum á aldrei að vera sama um misrétti

Margrét Arnardóttir, verkfræðingur hjá álverinu í Straumsvík, lifir fyrir augnablikið en segist vera með fullkominaráráttu. Hana langar mest að starfa fyrir Ferrari í Formúlu 1.

eftir Þorgrím Þránísson

Það er ekki í hennar anda að sitja auðum höndum, draga djúpt andann og horfa dolfallin á kertaloga. Hún segist gera allt á ógnarhraða og geti ekki setið aðgerðalaus. „Ég geri ekkert rólega. Ég tannbursta mig hratt, sef hratt, borða hratt, vinn hratt. Það er kostur að vissu leyti en líka veikleiki.“

Margrét Arnardóttir er verkfræðingur að mennt, með laser-mælitækni sem sérgrein. Hún skautaði með glæsi-brag í gegnum Ísaksskóla, Fossvogsskóla, Réttarholtsskóla, Iðnskólann og Háskólann í Álaborg. Einhvers staðar á leiðinni staldraði hún við í Menntaskólanum við Hamrahlíð en fann sig ekki í skólanum þrátt fyrir að vera umvafin vinum.

„Já, mér gekk mjög vel í skóla. Ég er reyndar með full-komunnaráráttu sem háir mér stundum. Ég lærði heillengi á fiðlu og píanó sem krakki, var nú reyndar enginn snillingur á því sviði, var í jazzballett og fimleikum, lék mér í fótbolta og hef alla tíð verið mikil keppnismanneskja. Þessi hálfgerða ofvirkni hefur samt ekkert plagað mig en ég á erfitt með slaka á. Mér finnst stundum óþægilegt að vera í kringum rólegt fólk af því ég er sjálf svo ör og með lágan þolinmæðisstuðul.“

Af hverju valdirðu verkfræði?

„Ég hef aldrei ákveðið neitt fyrirfram og þetta var bara tilviljun. Mig langaði að læra bifvélavirkjun en ég hef ekki hugmynd um hvers vegna. Afi minn er járnsmiður og hugsanlega var það ástæða þess að ég fór í bifvélavirkjun í Iðnskólanum, sem mér fannst frábær skóli. Ég var eina stelpa í deildinni og var eingöngu í verklegu námi og bóklegum fag tímum því ég kláraði öll almenn bókleg fög í MH. Þegar ég lauk námi í bifvélavirkjun komst ég hvergi á samning þrátt fyrir að vera með góðar einkunnir. Ég fór á mörg verkstæði en fékk alls staðar neikvæð viðbrögð. Ég virtist greinilega ekki hafa það sem til þurfti.“

Á þessum tíma kynnti Paul Jóhannsson Tækniskólann fyrir mér og ég fékk inngöngu í hann á undanþágu. Þar kláraði ég tæknistudentinn, en síðan langaði mig að læra meira um vélar og dreif mig því til Álaborgar í verkfræði. Pabbi er tæknifræðingur svo áhuginn hefur eflaust legið í genunum. Verkfræðin byggist mikið á rökhusun, sem mér þykir heillandi. Mér þótti námið hagnýtt og ég tel að verkfræðingar eigi mikla atvinnumöguleika á ýmsum sviðum.“

Hefurðu mikinn áhuga á bílum?

„Ég hef aldrei haft neinn sérstakan áhuga á bílum í sjálfu sér, heldur innviðum þeirra og tækninni sem þar liggur. Mér þykir t.d. Formúlan æðisleg þar sem stöðug tækniþróun og endalausar pælingar leiða til ótrúlegra framfara. Ég hef þrisvar farið til Ítalíu á Formúluna, ekki síst til að fylgjast með Ferrari-liðinu mínu sem ég hef lengi haldið með.“

Það er ólýsanlegt að fylgjast með keppninni á staðnum og upplifa stemmninguna. Ég hefði ekkert á móti því að starfa við þetta og það er aldrei að vita nema maður sæki um hjá Ferrari einhvern daginn,“ segir hún og hlær.

Margrét hafði varla lokið námi við Háskólann í Álaborg þegar henni var boðin kennarastaða við skólann, þrátt fyrir að vera á sama aldri og sumir nemendanna. „Ég kenndi mína lasertækni og eðlisfræði og fann aldrei fyrir því að ég væri of ung í starfið. Háskólaumhverfið var hins vegar töluvert lokað þannig að mig langaði að komast út í atvinnulífið. Ég sótti um vinnu í álverinu í Straumsvík, þar sem ég hafði áður starfað í þrjú sumur í kerskálunum. Ég kom heim í júlí 2003 og fékk vinnuna samstundis.“

Álverið er stórkostlegur vinnustaður. Þarna er spennandi flóra fólks, frábærir reynsluboltar ásamt ungu og fersku fólki. Ég sé um rekstur svokallaðrar kersmiðju, þar sem kerin eru fódruð, áður en þau fara í kerskálann. Þar er álið búið til. Ég er með nokkur verktakafyrirtæki á mínum snærum og kynnist þar af leiðandi fjölda fólks úr ýmsum áttum, sem er mjög skemmtilegt. Þetta er krefjandi og gefandi starf og mér gefst tækifæri til að vinna með mörgum deildum. Þarna er eitt stærsta iðntölvakerfi á landinu, sem býður upp á mikla möguleika og ég hef þokkalega frjálshendur. Ég finn ekkert fyrir því að vera ung kona í karlaumhverfi. Vinnudagurinn er frá átta til fjögur og ég efast um að verkfræðingar á öðrum vinnustöðum fái að fara heim klukkan fjögur.“

Hvernig er stemmningin í álverinu þegar flestir sitja heima með kertaljós og klæðin rauð á jölonum?

„Það er aldrei vandkvæðum bundið að fá fólk til að vinna á jölonum. Fólk veit með löngum fyrirvara hvort það á að vera á vakt og lagar sig að aðstæðunum, væntanlega eins og á öðrum vaktavinnustöðum. Sumir hafa reyndar gaman að stemmningunni sem skapast á vinnustaðnum yfir hátíðarnar, þar sem boðið er upp á góðan mat í notalegum félagsskap vinnufélaga til margra ára.“

Hefurðu sérstakan áhuga á fólki?

„Mér finnst frábært að tala við fólk og sérlega skemmtilegt að kynnast nýju fólki. Ég hef almennt ekki þolinmæði í leiðinlegar umræður en tek mikinn þátt ef ég heyri og finn að þær muni leiða til einhvers. Allt verður að hafa tilgang og ég þarf endalaust að spyrja. Ég á marga yndislega vini og er svo lánsöm að þeir eru jafn ólíkir og þeir eru margir. Ég læri stöðugt eitthvað nýtt af þeim og mig langar að til-einka mér það besta frá hverjum og einum.“

Ertu ánægð með það sem þú hefur afrekað til þessa?

„Hiklaust. Ég hef misstigið mig eins og aðrir en velti mér ekki upp úr því. Ég legg mig fram um að koma vel fram

„Álverið er stórkostlegur vinnustaður. Þarna er spennandi flóra, frábærir reynsluboltar ásamt ungu og fersku fólki.“

við fólk og er traustur vinur. Ég hefði viljað ferðast meira en á það bara eftir.“

Hver eru áhugamálin?

„Mér þykir gaman á snjóbretti þótt ég hafi ekki farið á slíkt eftir að ég flutti heim. Þegar ég var í Danmörku ferðaðist ég iðulega til Alpanna til að fara á snjóbretti. En hér á landi er lítill snjór og því liggur sportið að mestu leyti niðri hjá mér. Hinsvegar hef ég mikinn áhuga á tónlist og eyði talsverðum tíma í það áhugamál. Nick Cave er í sérstöku uppáhaldi auk þess sem ég hlusta mikið á nýja rokktonlist úr öllum áttum. Mér finnst margar íslenskar hljómsveitir vera að gera frábæra hluti og það er ótrúlegt að hér skuli vera hægt að fara á flotta tónleika nánast daglega. Ég les líka mikið og það má segja að bókalestur sé í uppáhaldi hjá mér.“

Hvaða bækur lastu síðast?

„Núna er ég að lesa bókina *The Thirteenth Tale* og ævisögu Danans Michael Pram Rasmussen, forstjóra MÆRSK sem báðar eru frábærar, hvor á sinn hátt. Ég er nýbúin að lesa *Afstæðiskenningu Einsteins* í heild sinni, *Time travellers Wife*, *Í skugga vindans* og *On beauty*. Ég sef mjög takmarkað, vil ekki eyða dýrmætum tíma í það og þarf ekki nema fimm tíma svefn. Ég kann ekki að sofa út, enda þótti það ekki æskilegt á mínu heimili þegar ég var krakki.“

Hvaða kvikmyndir eru eftirminnilegar?

„Ég er nýbúin að sjá *Notes on a Scandal* sem var flott og *Little Miss Sunshine* sem er æðislegasta mynd sem ég hef séð. Annars eru danskar myndir í uppáhaldi hjá mér. Danir eru snillingar í að gera myndir um hversdagsleikann þannig að áhorfendur geti samsað sig persónunum.“

Margrét, sem er 32 ára að aldri, býr í Vesturbænum í Reykjavík ásamt Mána Erni, sjö ára gömlum syni sínum. „Það mikilvægasta sem maður gerir í lífinu er að sinna börnunum sínum. Það skiptir mig öllu máli að Máni Örn verði hamingjusamur og hafi það mikið sjálfstraust að honum finnst að sér séu allir vegir færir. Mig langar að eignast fleiri börn og ferðast meira. Skömmu eftir að sonurinn fæddist fórum við ásamt barnsföður mínum, í sendiferðabil um gjörvalla Evrópu. Það var mjög eftirminnilegt, enda sváfum við oft í bílnum. Það var ekki vandamál að ferðast með drenginn þótt hann væri aðeins nokkurra mánaða gamall.“

Áttu þér lífsmottó?

„Að vera góð við aðra, bera virðingu fyrir fólki og skilja hvaðan fólk kemur. Ég var alin þannig upp að það var ekki í boði að dæma fólk fyrirfram. Móðir mín er, og hefur alltaf verið, hörkudugleg, og tekur aðra fram yfir sjálfa sig. Hún er alltaf til staðar og ég hef lært margt af henni.“



Hefurðu elt draumana fram til þessa?

„Ég hef aldrei verið með nein framtíðarplön og það breytist líklega ekki. Ég er ánægð með þá aðstöðu sem ég bý við í dag en veit ekki hvernig mér líður á morgun. Ég hef all til alls, hef ekki undan neinu að kvarta, lifi fyrir augnablikinu og nýt þess í botn.“

Eru foreldrar í of miklu kapphlaupi við efnishyggjuna?

„Ég held að það sé mjög mismunandi. Vinir mínir sinna börnum sínum mjög vel, hver á sinn hátt, og ég á engan íslenskan vin sem býr í svart-hvítri íbúð eins og maður sér í lífsstílsblöðunum og sjónvarpinu. Sjálfri þykir mér gaman að dingla mér í miðbænum um helgar með Mána Erni, stoppa á kaffihúsum og njóta lífsins.“

Hvaða stöðu myndirðu vilja gegna í þjóðfélaginu?

„Ég myndi vilja gegna stöðu þar sem ég gæti látið gott af mér leiða. Ég er mikil kvenréttindakona eða feministi og launamismunur kynjanna pirrar mig sem og allt óréttlætið sem honum fylgir. Mér finnst reyndar að konur mættu standa betur saman. Allt of margar telja að þær geti ekki haft áhrif og láta þess vegna aldrei í sér heyra. Konum á aldrei að vera sama um misrétti kynjanna. Mér finnst slæmt hversu margir eiga erfitt á Íslandi og það er óþolandi þegar fólk svikur undan skatti, skráir sig úr sambúð til að fá auknar bætur og svindlar á kerfinu. Það bitnar alltaf á þeim sem virkilega þurfa á hjálp að halda.“

Hefurðu skoðun á skólakerfinu?

„Mér finnst fáránlegt að ungt fólk skuli þurfa að fá foreldra sína, sem eiga eignir, til að gangast í ábyrgð fyrir námslánunum á háskólastigi. Þetta unga fólk á sjálft að geta borið ábyrgð á sínum lánunum. Það á ekki að mismuna fólki vegna efnahags foreldra. Ég þekki fjölda fólks sem hætti við háskólanám vegna þess að enginn gat gengist í ábyrgð fyrir námslánunum. Allir ættu að hafa jafnan rétt til náms.“

„Pabbi og mamma ólu mig þannig upp, að ég skyldi mennta mig það vel og vera það vel sett í lífinu, að ég þyrfti aldrei að vera öðrum háð fjárhagslega.“

Ertu pólitísk?

„Ég stend með konunum í Samfylkingunni.“

Er erfitt að vera einstæð móðir?

„Pabbi og mamma ólu mig þannig upp, að ég skyldi mennta mig það vel og vera það vel sett í lífinu, að ég þyrfti aldrei að vera öðrum háð fjárhagslega. Þetta heyrði ég nánast hundrað sinnum á dag, og út af uppeldinu hef ég efni á því að vera einstæð móðir. Ég skil hins vegar ekki hvernig einstæðir foreldrar á frekar lágum launum fara að, en ég ber ómælda virðingu fyrir fólki sem það gerir.“

Ég á frábæra fjölskyldu og lendi aldrei í vandræðum með pössun. Það skiptir rosalega miklu máli að eiga góða að og vera fjárhagslega sjálfstæð. Það þarf að vekja fólk til vitundar um það að fjöldi fólks hefur það ekki nógu gott á Íslandi. Og á sama tíma er endalaust verið að hamra á því í auglýsingum að mann vanti hitt og þetta. Ef það er eitthvað sem vantar þá er það meiri samkennd í þjóðfélaginu og fólk þyrfti að gefa meira af sér.“

Ertu náttúruverndarsinni?

„Mikill, en mér finnst að fólk verði að skoða alla hluti frá mörgum sjónarhornum. Þótt mér þyki álverið okkar frábær vinnustaður og ég telji að það megi stækka og dafna, vil ég ekki endilega fleiri álver. Ef ég þekkti ekki álverið væri ég eflaust á móti fleiri slíkum. Þá væri ég líklega að labba með Ómari Ragnarssyni niður Laugavegin. Varðandi álverið á Reyðarfirði er öllum ljóst að það vantaði fleiri atvinnutækifæri þar en fólk má heldur ekki biða með hendur í vösum árum saman og treysta á að einhverjir aðrir leysi málin fyrir það. Ég hef takmarkalausa trú á Íslendingum og sköpunarkrafti þeirra. Það er endalaust til af nýjum sniðugum tæknifyrirtækjum, flottum hljómsveitum, fatahönnuðum, listamönnum, alltaf eitthvað brílljant í gangi. Hugvitið og frumkvöðlakrafturinn er út um allt.“

Lastu Draumalandið eftir Andra Snæ?

„Já, og mér þótti bókin mjög skemmtileg. Andri Snær hefur margt til síns máls, þótt ég sé ekki endilega sammála honum um allt. Hann var fenginn til að halda erindi í ál-

verinu eftir útgáfu bókarinnar og stóð sig mjög vel. Hann fékk krefjandi spurningar, svaraði vel fyrir sig og það sköpuðust mjög skemmtilegar umræður. Í bókinni eru upplýsingar auðskiljanlegar og settar upp á aðgengilegan hátt, þótt stundum finnst manni raunveruleikinn einfaldaður um of. Það hafa margar greinar verið skrifaðar um Kárahnjúka, álver, virkjanir og fleira með þannig orðalagi að fæstir skilja þær. Stundum hef ég á tilfinningunni að menn keppist um að sveipa sig óskiljanlegum orðum til að reyna að ganga í augun á fólki. Fréttir af þessum vettvangi eru meira að segja stundum óskiljanlegar og fæstir þora að upplýsa að þeir skilji ekki hvað verið er að tala um.“

Í Danmörku fékk fólk oft ýmsar mikilvægar grundvallarupplýsingar í mjög aðgengilegu formi sendar heim frá fyrirtækjum. Ég man eftir blaði sem upplýsti nákvæmlega hvað það kostaði að þvo þvott á 40 gráðum í stað 60 gráða og hvað kostaði að nota þurrkara. Einu sinni fengum við flottan einblöðung með upplýsingum um hversu margir lítrar af vatni færu til spillis ef við létum það renna í vaskinn, þá mínútu sem það tæki okkur að bursta tennurnar. Og hvað kostaði að skilja rafmagnnið eftir á sjónvarpinu yfir nótt. Okkur Íslendingum veitti ekki af svona upplýsingum, í ljósi þess hvernig við sólundum vatni, rafmagni og oft peningum. Þetta eykur vitund okkar fyrir verðmætum. Við getum því lært heilmargt af Dönnum, þrátt fyrir allt.“

„Einu sinni fengum við flottan einblöðung, með upplýsingum um hversu margir lítrar af vatni færu til spillis ef við létum það renna í vaskinn þá mínútu sem það tæki okkur að bursta tennurnar.“



Frá síðustu úthlutun úr Samfélagssjóði Alcan, sem fór fram í lok síðasta árs.



Alcan og samfélagið

Samfélagssjóður Alcan

Alcan á Íslandi leggur áherslu á mikilvægi þess að metnaðarfullt starf á ýmsum sviðum samfélagsins fái að blómstra. Fyrirtækið hefur átt samstarf við og styrkt fjölmörg félög og verkefni á undanförunum árum. Til að skerpa enn frekar á þessu stofnaði Alcan sérstakan sjóð sem ber heitið Samfélagssjóður Alcan og er ætlað að halda utan um styrkveitingar fyrirtækisins. Úthlutun úr sjóðnum fór síðast fram í árslok 2006 en þá voru styrkir veittir til 34 samfélagsverkefna fyrir rúmar 9 milljónir króna.

Þriggja manna stjórn sjóðsins tekur á mótí óskum um stuðning eða samstarf og tekur afstöðu til einstakra umsókna. Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar á ári og eru styrkuppheimildirnar á bilinu frá 100 þúsund krónum upp í eina milljón.

Hægt er að sækja um stuðning eða óska eftir samstarfi á hvaða tíma sem er. Umsóknir skal skrá á sérstakt eyðublað og senda á netfangið samstarf@alcan.com eða á heimilisfangið Alcan á Íslandi, pósthólf 244, 222 Hafnarfjörður.

Barna- og unglíngastarf íþróttafélaganna

Alcan styður við barna- og unglíngastarf allra íþróttafélaga í Hafnarfirði. Sérstakur samningur var gerður árið 2001 þess efnis að fyrirtækið legði til fé í þennan málaflökk. Í upphafi var um að ræða 8 milljónir króna sem skiptust þannig að Alcan lagði til 4 milljónir og mótframlaga Hafnarfrjarðarbæjar var sama upphæð. Í ár er heildarupphæðin 10 milljónir, 5 milljón króna framlag frá hvorum aðila. Samningurinn stuðlar að markvissu og faglegu starfi innan íþróttafélaganna og er ekki vitað til þess að gerðir hafi verið sambærilegir samningar annar staðar og er Alcan að öllum líkindum stærsti styrktaraðili barna- og unglíngafélaga á landsvísi.

Björgunarsveit á hálendinu

Slysavarafrélagið Landsbjörg hefur unnið markvisst að því að hafa björgunarsveitir til taks á hálendinu yfir sum-

artímann og eins að gerð göngustíga í skógarlundum Undirhlíða við Kaldársel. Alcan hefur styrkt þetta framtak og hlaut Landsbjörg ásamt Veraldarvinum stærsta styrkinn úr Samfélagssjóði Alcan við síðustu úthlutun.

Hreinsun strandlengjunnar

Veraldarvinir voru annað tveggja félaga sem fengu stærsta styrkinn úr Samfélagssjóði Alcan í árslok 2006, en félagið stendur fyrir átaki í hreinsun strandlengju Íslands.

Stærðfræðisnillingarnir

Á síðasta ári hleypti Alcan á Íslandi af stokkunum verkefni sem ætlað var að auka áhuga tæplega ellefu þúsund barna sem fædd eru 1997, 1998 og 1999 á stærðfræði. Mikilvægt er að viðhalda áhuga barna á stærðfræði og var markmið Alcan að leggja sitt af mörkum með því að bjóða þessum börnum að taka þátt í sérstökum leik sem gengur undir heitinu Stærðfræðisnillingarnir. Öll börn sem tóku þátt í leiknum fengu senda gjöf í viðurkenningarskyni fyrir þátttökuna. Auk þess voru dregin út nöfn 500 heppinna barna sem fengu sendan margmiðlunardiskinn *Tivolí tölur* til að örva enn frekar áhugann á stærðfræðinni, grein sem er mikilvæg fyrir starfsemi álversins ekkert síður en allra annarra þekkingarfyrirtækja á Íslandi.

Verðlaun í Kína

Tvær íslenskar stúlkur, þær Bryndís Guðmundsdóttir og Anna Sigríður Kristjánsdóttir, fengu fyrstu verðlaun á alþjóðlegri sýningu ungra vísindamanna í Shanghai fyrir verkefni sem þær kalla Vetnishúsið. Alcan veitti þeim stóllum styrk til fararinnar en alls tóku 300 aðilar frá 18 löndum þátt í sýningunni sem haldin var í tengslum við fjölmenna alþjóðlega ráðstefnu verkfræðinga.

Kvikmynd um heilabilun

Vorið 2006 var sýnd í Háskólabíói kvikmynd um heilabilun. Tilgangur með gerð myndarinnar var að fræða ættingja og þá sem annast heilabilaða um mikilvægi þess að viðhalda lífsgæðum þeirra sem greinast með heilabilun. Samfélagssjóður Alcan var meðal þeirra sem styrktu gerð myndarinnar.

Góður árangur í stærðfræði

Í fyrravor veitti Alcan nemendum sem voru að útskrifast úr 10. bekk grunnskólanna sérstaka viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í stærðfræði. Góð þekking á raunvísindum er mikilvæg hverju samfélagi og undirstaða trausts atvinnulífs.



Hugarástand



Þessar skemmtilegu myndir gerði Þuríður Sigurðardóttir myndlistarkona. Hugmyndin kviknaði fyrir mörgum árum en Þuríður hafði lengi séð möstrin fyrir sér sem konur og klæddi þessar „konur“ gjarnan upp í huganum. Henni fannst möstrin svo miklu skemmtilegri uppáklædd! Hvaða klæðnaður varð fyrir valinu fór eftir hugarástandi listakonunnar hverju sinni og dregur myndaserían nafn sitt af því.

Árið 2001 varð hugmyndin að veruleika og þá urðu til níu mismunandi útgáfur sem sjá má á meðfylgjandi mynd.

Þuríður notaði blandaða tækni við gerð myndanna en bakgrunnurinn er ljósmynd sem hún tók og málaði síðan ofan í. Fyrirtækið Samskipti var henni innan handar við lausn á málinu en finna þurfti leið til þess að mála með olíulitum ofan í ljósmyndina til að hugmyndin gæti orðið að veruleika.

Hugarástandsmyndirnar voru fyrst sýndar í gamla rafstöðvarhúsinu við Elliðaár en þá höfðu þær verið stækkaðar mikið og voru rúmir þrír metrar á hæð og rúmur metri á breidd. Skömmu síðar voru þær svo sýndar á Vetrarhátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Í framhaldi af sýningunni í rafstöðvarhúsinu hafði fulltrúi frá Landsvirkjun samband við Þuríði og falaðist eftir því að kaupa myndirnar af henni. Fyrir dyrum stóð þá hér á landi alþjóðleg ráðstefna flutningsaðila á raforku og lét Landsvirkjun fjölfalda myndirnar í tölusettum eintökum til gjafa handa ráðstefnugestum.



VIÐ BJÓÐUM ÞÉR Í HEIMSÓKN



Í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar um stækkun álversins í Straumsvík býður Alcan Hafnfirðingum að koma í heimsókn og kynna sér málin.

Skoðunarferðir um álverið

Boðið er upp á reglulegar skoðunarferðir um álverið í Straumsvík, fyrir þá sem vilja kynna sér starfsemiina af eigin raun. **Skoðunarferðirnar eru á fimmtudögum kl. 17 og laugardögum kl. 14.**

Skráning fer fram í síma 555 4260, eða í upplýsingamiðstöðinni í Firði, eða á vefsíðunni straumsvik.is.



Upplýsingamiðstöð í Firði

Í upplýsingamiðstöðinni er hægt að afla nánari upplýsinga um fyrirhugaða stækkun, spjalla við starfsmenn álversins og skiptast á skoðunum.

Upplýsingamiðstöðin er opin á virkum dögum frá kl. 14-18 og á laugardögum frá kl. 11-16. Síminn er 555 4260 og netfangið postur@straumsvik.is

Vefsíðan straumsvik.is

Þar er að finna helstu röksemdir fyrir stækkun álversins, upplýsingar um starfsemi Alcan og vídeómyndir sem sýna hvernig stækkað álver kemur til með að líta út og hvernig starfsemi álversins hefur verið að þróast.

...stærra og **BETRA ÁLVER**

